

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Svalbarðsstrandarhreppi.

Breyting á deiliskipulagi Vaðlaklifs.

Sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps samþykkti að grenndarkynna óverulega breytingu á deiliskipulagi Vaðlaklifs skv. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, þar sem m.a. segir

Byggingarefni verði frjálst í stað kvaða um steinsteypt hús.

Stefna húsa er gefin frjáls til að aðlagast landi og draga úr „þéttbýliseinkennum“.

Heimild er gefin fyrir aukinni hæð á skorsteinum og reykrörum upp í 7 m hæð.

Hámarkshæð hækkar í 6,5 m í stað 6,0 m áður.

Heimilt verði að vera með flatt eða einhalla þak í stað eingöngu flatts.

Flatarmál lóðar 1 verður 4.767 m² í stað 6.422 m² áður.

Lóð 1 verði skipt upp í tvær lóðir, önnur verði íbúðarlóð en hin fyrir rotþró

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

F.h. Svalbarðsstrandarhrepps, 21. ágúst 2025.

Arnar Ólafsson, skipulags- og byggingarfulltrúi Eyjafjarðar bs.

B deild - Útgáfudagur: 4. september 2025